

GJALDSKRÁ

fyrir fráveitugjald í Dalvíkurbyggð.

1. gr.

Bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar innheimtir gjald fyrir fráveitu í Dalvíkurbyggð skv. gjaldskrá þessari og reglugerð nr. 402/2001 um fráveitu í Dalvíkurbyggð.

2. gr.

Fráveitugjald skal greitt af öllum mannvirkjum sem tengd eru fráveitukerfum sveitarfélagsins. Álagningarstofn fráveitugjalds skal vera fasteignamat húsa, mannvirkja og lóða. Upphæð fráveitugjalds skal vera 0,37% af fasteignamati húss og lóðar samkvæmt lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 94/1976, með síðari breytingum.

3. gr.

Sveitarfélagið annast tæmingu rotþróa í eigu fasteignaeigenda í Dalvíkurbyggð og innheimtir sérstakt rotþróargjald til að standa straum af kostnaði við hreinsun, urðun seyru og umsjón með verkinu.

Árlegt rotþróargjald þar sem tæming á sér stað þriðja hvert ár er kr. 8.000.

Fyrir aukalosun, að beiðni eiganda, greiðist skv. gjaldskrá losunaraðila, fyrir hverja losun.

4. gr.

Gjalddagar fráveitu- og rotþróargjalds skulu vera þeir sömu og bæjarstjórn ákveður fyrir fasteignaskatt og skal innheimtu þess hagað á sama hátt og innheimtu fasteignaskatts. Skráður eigandi fasteignar ber ábyrgð á greiðslu fráveitugjalds.

5. gr.

Gjöld skv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki og má gera lögtak í hinni skattskyldu eign án tillits til eigendaskipta. Njóta gjöldin lögveðréttar í lóð og mannvirkjum næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði.

6. gr.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt var af bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar þann 18. október 2011, staðfestist hér með skv. 15. gr. laga nr. 9/2009 um uppbyggingu og rekstur fráveitu og skv. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi við álagningu gjalda á árinu 2012.

Dalvíkurbyggð, 26. október 2011.

Svanfríður Inga Jónasdóttir bæjarstjóri.